

UT2005 – skóli á ferð til framtíðar

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir [UT2005](#) - ráðstefnu um skóla á ferð til framtíðar á Hótel Sögu föstudaginn 4. mars frá kl. 9.00 – 17.00.

Á UT2005 verður áherslan tvíþætt, annars vegar verður höfðað til stjórnenda allra skólastiga með tilliti til stefnumótunar, stjórnunar og tengingar við atvinnulífið. Hins vegar verður áhersla lögð á kennslufræði dreifnáms þar sem m.a. verður fjallað um virkni nemenda, einstaklingsmiðað nám og námsumhverfi á neti.

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin sex ár staðið fyrir ráðstefnum sem tengjast þróun í skólastarfi undir heitinu UT og hafa þær verið vel sóttar af skólafólki, enda góður vettvangur fyrir skólastjórnendur, kennara og aðra áhugasama til að kynna sér nýjungar og möguleika í þróun skólastarfs.

Ráðstefnan verður með breyttu sniði í ár. Fyrirlestrar verða mun færri en áður og fluttir í stærri sölum. Boðið verður upp á tvo erlenda aðalfyrirlesara og 15 aðra fyrirlestra, auk málstofa.

Aðalfyrirlesarar að þessu sinni verða [Dr. Gilly Salmon](#) frá Bretlandi og [Karen Brotzman](#) frá San Diego í Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar um fyrirlesara eru á vef ráðstefnunnar www.menntagatt.is/ut2005 undir [Dagskrá](#). [Skráning](#) er þegar hafin á vefnum.

Fjöldi þátttakenda á ráðstefnuna er takmarkaður.



Heimsmínjanefnd Íslands



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur sett á laggirnar nefnd, sem hefur það hlutverk að vera samráðsvettvangur

til að fylgja eftir samningi [UNESCO](#) frá 1972 um menningar- og náttúruarfleifið heimsins. Hann var staðfestur af Íslands hálfu 19. desember 1995. Nefndin hefur hlotið nafnið *heimsmínjanefnd Íslands*, og er m.a. ætlað að undirbúa tilnefningu íslenskra staða á heimsmínjaskrá UNESCO.

Nefndin er skipuð fulltrúum menningararfs annars vegar og náttúruverndar hins vegar. Nefndin hét áður samráðsnefnd um samning UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleifið heimsins.

Nefndin er þannig skipuð: Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri í [umhverfisráðuneyti](#), Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður [Fornleifaverndar ríkisins](#), Árni Bragason, forstöðumaður hjá [Umhverfisstofnun](#) og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Starfshópur um stöðu íslenska tákn málsins

Menntamálaráðuneyti hefur nýlega skipað starfshóp sem er ætlað að koma með tillögur um með hvaða hætti verði best staðið að því að tryggja stöðu íslenska tákn málsins, eflingu þess og varðveislu.

Hópurinn skal m.a. koma með tillögur um hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi t.d. í lögum, í stjórnsýslunni og í umhverfi þeirra stofnana sem þegar hafa með íslenskt tákn máli að gera. Hópnum er m.a. gert að taka afstöðu til þess hvort heppilegt sé að stofna formlega málnefnd fyrir íslenska tákn málið og þá hvernig slík málnefnd yrði samsett og hvert hlutverk hennar yrði.

Í nefndinni eiga sæti: Guðni Olgeirsson, menntamálaráðuneyti, formaður, Berglind Stefánsdóttir, tilnefnd af Félagi heyrnarlausra, Hafdís Gísladóttir, tilnefnd af [Félagi heyrnarlausra](#), Guðrún Kvaran, tilnefnd af [Íslenskrí málnefnd](#), Svandís Svavarsdóttir, tilnefnd af [Samskiptamiðstöð heyrnarlausra](#) og heyrnarskertra og Rannveig Sverrisdóttir tilnefnd af [Háskóla Íslands](#). Ari Páll Kristinsson, forstöðumaður [Íslenskrar málstöðvar](#), starfar með nefndinni.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en 31. júní nk.

Drög að nýrri námskrá í gull- og silfursmíði

[Drög](#) að nýrri námskrá í gull- og silfursmíði eru komin á vef ráðuneytisins menntamalaraduneyti.is til kynningar.

Fyrirliggjandi námskrádrög voru unnin af starfsgreinaráði hönnunar- og handverksgreina. Um er að ræða fyrstu heildstæðu námskrána sem rituð hefur verið fyrir þessa iðngrein, en núgildandi brautarlýsing er frá júlí 2004.

[Námskrádrögin](#) verða til kynningar á framangreindu vefsvæði til 18. mars 2005. Á þeim tíma gefst hagsmunaaðilum og almenningi kostur á að senda athugasemdir og ábendingar um

námskrána í heild eða einstaka þætti hennar til menntamálaráðuneytis eða á netfangið namskra@mrn.stjr.is.

Að loknu umsagnarferlinu mun ráðuneytið gera þær lagfæringar á námskránni sem nauðsynlegar teljast, staðfesta hana og senda auglýsingu um gildistöku hennar til birtingar í Stjórnartíðindum.

Námskráin verður að því loknu birt á [námskrárvef](#) ráðuneytisins.

Rúmlega 44.500 nemendur við nám í grunnskólum

Nemendur í grunnskólum voru 44.511 haustið 2004, auk þess sem 126 börn stunduðu nám í 5 ára bekk. Nemendum hefur fækkað um 290 frá síðastliðnu skólaári.

Gera má ráð fyrir að nemendum grunnskóla fari fækkandi næstu árin því þeir árgangar sem eru að hefja grunnskólanám næstu ár eru fámennari en þeir árgangar sem nú eru að ljúka grunnskólanámi.

Alls starfa 4.725 starfsmenn við kennslu og skólastjórnun og eru tæplega 11 (10,8) nemendur á bak við hvert stöðugildi kennara. Heimild: [Hagstofa Íslands, 2005](#)

